

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Stakkahlíð 17.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Stakkahlíð 17 breytist úr svæði fyrir verslunar- og þjónustumiðstöðvar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ægisbrautar, Akranesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 27. ágúst 2002 tillögu að nýju deiliskipulagi Ægisbrautar, Akranesi.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. október 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjár-efirtilitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2003.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 696 frá 1. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu
austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Frá og með 26. október 2002 eru veiðar með fiskibotnvörpu á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. 66° 23'00 N – 12° 51'00 V | 6. 65° 59'00 N – 13° 34'00 V |
| 2. 66° 15'20 N – 12° 27'00 V | 7. 66° 00'00 N – 12° 51'80 V |
| 3. 66° 10'90 N – 11° 54'00 V | 8. 66° 03'00 N – 12° 36'80 V |
| 4. 66° 03'50 N – 11° 43'60 V | 9. 66° 14'00 N – 12° 40'00 V |
| 5. 65° 46'50 N – 13° 20'70 V | |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 26. október 2002, er felld úr gildi reglugerð nr. 73, 4. febrúar 2002, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Digranesflaki.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.